

Námsgrein: Umsjónarkennsla

4. bekkur

Kennarar: Erna Sigríður Hannesdóttir og Þorbjörg Arna Unnsteinsdóttir

Kennsluaðferðir og skipulag: Námsgreinarnar íslenska, stærðfræði, náttúru- og samfélagsfræði og enska eru kenndar í samþættum þemaverkefnum. Áhersla er lögð á grunnþætti menntunar sem eru *læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði, velferð og sköpun*. Verkefni eru aðlöguð að getu hvers nemanda. Mikið er lagt upp úr yndislestri nemenda sem og upplestri í skólanum og heima. Lestur er tengdur inn í alla vinnu nemenda. Jákvæður agi litar samvinnu og samskipti nemenda og eru þemaverkefnin stundum tengd við bekkjarfundi þar sem ýmislegt tengt lýðræði, mannréttindum og jafnrétti er rætt. Við skil á verkefnum eru aðferðir fjölbreyttar og skapandi og fá verkefni nemenda að njóta sín í námsumhverfinu. Heilbrigði og velferð nemenda er höfð að leiðarljósi í allri vinnu. Í stærðfræði er lögð áhersla á tungumál stærðfræðinnar og samvinnu nemenda við lausn verkefna. Unnið er í Sprota auk þemaverkefna og mikið lagt upp úr verklegri stærðfræði. Aðgengi að námsgögnum er gott og áhersla lögð á að hver og einn finni sínar leiðir til náms. Unnið með ýmis konar hjálpargögn og áþreifanleg námsgögn.

Námsmat: er unnið jafnt og þétt yfir veturinn með fjölbreyttum hætti. Kennarar fylgjast með skilningi nemenda á viðfangsefni og getu til úrvinnslu þess. Sjálfsmat nemenda eftir því sem við verður komið og merkt við hæfnivíðið á Mentor reglulega.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Lestur og læsi í víðum skilningi fléttast inn í alla vinnu nemenda. Þeir lesa og túlka texta, myndir og tjá sig á fjölbreyttan hátt með aðferðum Byrjendalæsis.
Sjálfbærni	Nemendur læra að bera virðingu fyrir nátturu og samfélagi í nærumhverfi sínu.
Heilbrigði og velferð	Heilbrigði og velferð er höfð að leiðarljósi í daglegu starfi. Nemendur fá tækifæri til hreyfingar, félagsleiks og þjálfast í að hlúa að eigin velferð.
Lýðræði og mannréttindi	Jákvæður agi byggir á virðingu, samvinnu og samræðum. Nemendur fá að taka ákvarðanir saman og læra að allir hafa rétt til þátttöku og virðingar.

Jafnrétti	Allir nemendur hafa jafnan möguleika til náms og þátttöku. Fjölbreytileiki og styrkleikar hvers og eins eru metnir að verðleikum.
Sköpun	Nemendur fá að tjá sig á skapandi hátt í listum, leik og verkefnavinnu. Þeir þjálfra ímyndunarafl og fá að þróa hugmyndir sínar í hvetjandi umhverfi.

*Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Tímabil	Þema og námsefni	Námsgreinar og markmið
Ágúst - september	Þema: <i>Nærumhverfið</i> Námsefni: Íslenska - Lesrún – Geimverurnar 4, bls. 20-21 - Ritrún 2 – Fjallapíng, bls. 34- 25 - Skrift - Efni frá kennara Stærðfræði Sproti 4a -Kafli 1- hnitakerfið Sproti 4b: - Kafli 7- ummál og flatarmál Halló heimur 3 - Eldfjallaeyjan Ísland	Íslenska - Sérnöfn og samnöfn - Þekkir sérhljóða og samhljóða Stærðfræði - Getur staðsett reiti eða punkta í hnitakerfið - Getur reiknað ummál - Getur reiknað flatarmál Náttúru- og samfélagsgreinar - Læra um eldfjallaeyjuna Ísland - Kynnast muninum á hálendi og láglendi - Fræðast um ólíkar gerðir korta

	Enska: -Hickory, Dickory, Dock -Efni frá kennara Námsmat: • Námsmat kennara • Símat • Lesfimi • Kaflaverkefni þar sem við á	Enska - þekkir tölur 0-50 Jákvæður agi - Störfin í bekknum - Bekkjarsáttmáli - Kalli krumpaði
Október	<i>Þema: Heilbrigð sál í hraustum líkama</i> Námsefni: Íslenska - Lesrún 2 – Íþróttir (bls. 22-25) - Skrift - Efni frá kennara Stærðfræði: Sproti 4a -Kafli 3 – Samlagning og frádráttur Halló heimur 3: - Heilbrigð sál í hraustum líkama	Íslenska - Þekkir sagnorð og áttað sig á nútíð og þátíð þeirra. Stærðfræði - Getur lagt saman fjögurra stafa tölu - Getur dregið frá með fjögurra stafa tölu - Getur borið saman tölur og stærður með því að nota tákn <, > og = Náttúru- og samfélagsgreinar - Læra um meltingarkerfið - Skoða starfsemi hjarta og lungna - Kynnast heilsueflandi líferni Enska - Þekkir helstu líkamsparta

	Enska: -Hickory, Dickory, Dock -Efni frá kennara Námsmat : • Námsmat kennara • Símat • 20 orðin • Orðarún • Kaflaverkfeni þar sem við á	Jákvæður agi • Hafa heilann í hendi sér • V-A-L • Það pirrar mig, ég vildi óska
Nóvember	<i>Þema: Himingeimurinn</i> Námsefni: Íslenska - Blái hnötturinn - Lesrún – Geimverurnar 4, bls. 20-21 - Skrift - Efni frá kennara Stærðfræði Sproti 4a -Kafli 6- Samhverfa og mynstur Halló heimur 3 - Himingeimurinn - Kraftur og hreyfing	Íslenska - Lýsingarorð - Býr til samsett orð og tekur í sundur Stærðfræði - Getur speglað, snúið og hliðrað myndum. - Getur sagt til um samhverfu og sýnt spegilása. Náttúru- og samfélagsgreinar - Læra um sólkerfið okkar - Fræðast um geimrusl - Kynnast hlutverki ósonlagsins - Kynnast þyngarkrafti -Skoða núningskraft - Læra um vatns- og loftmótstöðu

	Enska -Hickory, Dickory, Dock -Efni frá kennara Námsmat: - Námsmat kennara - Símat - Kaflaverkfeni þar sem við á	Enska -Þekkir daga, mánuði, ár. Jákvæður agi Áfram unnið með heilann í hendi sér og V-A-L. Nýtum bekkjarsáttmála, lausnarhjól og önnur verkfæri jákvæðs aga. Eineltishringurinn tekinn fyrir.
Desember	<i>Þema: Jólin</i> Námsefni: Íslenska - Ritrún - Skrift - Efni frá kennara Stærðfræði -Sproti 4a Kafli 5: Margföldun og deiling (bls.88) Enska -Hickory, Dickory, Dock -Efni frá kennara	Íslenska -Þekkir hugtökin, ljóðstafi, rím og kvæði - Les upphátt sögur og ljóð Stærðfræði -Kann margföldunartöflurnar 1x-5x. -Kann margföldunartöflurnar 6x-10x. -Geti séð tengslin milli margföldunar og deilingar. - Þekkir grunnhugtökin margföldun og deiling Enska -Þekkir árstíðir og helstu hátíðir Jákvæður agi -Áhersla lögð á þakklæti á bekkjarfundum -Að virða fjölbreytileikann

	Námsmat: - Námsmat kennara - Símat - Kaflaverkfeni þar sem við á	
Janúar	<i>Þema: Tími og tækni</i> Námsefni: Íslenska - Lesrún – Geimverurnar 4, bls 20-21 - Lesrún 2 – Stjörnumerki bls. 40 - Lesrún 2 – Feyktu mér stormur bls. 16 - Skrift - Efni frá kennara Stærðfræði Sproti 4a -Kafli 4- Tími og klukka Sproti 4b -Kafli 12 - Tölfræði Halló heimur 3 - Ísland er land þitt	Íslenska - Þekkir kyn nafnorða - Fallbeygir nafnorð í eintölu og fleirtölu Stærðfræði - Getur lesið af skífuklukku. - Getur lesið af stafrænni klukku. - Getur reiknað tímann milli tveggja tímasetninga. - Getur túlkað upplýsingar sem gefnar eru upp í töflu og sýnt þær í súluriti. - Getur lesið úr súluriti og túlkað niðurstöðurnar. Náttúru- og samfélagsgreinar - Fræðast um hvað lýðveldi er - Skoða hvað gerir Ísland frábrugðið öðrum löndum - Læra um hverjar eru þjóðargersemar Íslands Enska -Kynnist klukkunni

	Enska -Hickory, Dickory, Dock -Efni frá kennara Námsmat: • Námsmat kennara • Símat • Lesfimi • Kaflaverkfeni þar sem við á	Jákvæður agi -Hvatning Áfram unnið með samskipti, samvinnu og umburðarlyndi. Nýtum bekkjarsáttmála, lausnarhjól og önnur verkfæri jákvæðs aga.
Febrúar	<i>Þema: Það má vera öðruvísi</i> Námsefni Íslenska - Ritrún 2 – Fjallabing, bls. 34- 25 - Skrift - Efni frá kennara Stærðfræði Sproti 4a -Kafli 2 – Tölur stærri en 1000 og minni en 0 Halló heimur 3 - Ég er nóg	Íslenska - Þekkir nafnorð með og án greinis - Þekkir sérhljóða og samhljóða Stærðfræði - Þekkir grunnhugtökin plús og mínus. - Getur lesið, skrifað og borið saman tölur upp í 10 000. - Þekkir sætiskerfið og getur skipt tölum í einingar, tugi, hundruð og þúsund og sagt til um gildi hvers tölustafs í fjögurra stafa tölu. - Þekkir negatífar tölur og getur reiknað einföld dæmi með negatífum tölum. - Getur námundað tölur að næsta tug, hundraði og þúsundi. Náttúru- og samfélagsgreinar - Skoða hvað er líkt og ólíkt með okkur öllum - Fræðast um ýmsar gerðir ofbeldis - Læra að setja mörk

	Enska -Hickory, Dickory, Dock -Efni frá kennara Námsmat • Námsmat kennara • Símat • Kaflaverkfeni þar sem við á	Enska -Þekkir fjölskyldumeðlimi -Þekkir algengan fatnað Jákvæður agi Hugstormun og hlutverkaleikir
Mars	<i>Þema: Trúabrögð</i> Námsefni: Íslenska - Lesrún 2- Draugar (bls. 26) - Skrift - Efni frá kennara Stærðfræði Sproti 4b -Kafli 8 – Margföldun og deiling 2 (bls. 24) Halló heimur 3 - Trúarbrögð	Íslenska - Kann stafrófið og getur beitt því - Skrifar skýrt og greinilega og vandar frágang - Getur beitt stafsetningarreglum um stóran og lítinn staf, ng og nk, tvöfalda samhljóða og n eða nn í enda orðs. Stærðfræði - Getur framkvæmt deilingu sem jafna skiptingu. - Getur framkvæmt deilingu sem endurtekinn frádrátt. - Getur reiknað margföldunardæmi í daglegu lífi. - Getur reiknað deilingardæmi úr daglegu lífi. - Getur margfaldað með tveggja stafa tölum. Náttúru- og samfélagsgreinar -Læra um nokkur trúarbrögð -Skoða hvernig fólk iðkar trú sína -Fræðast um trúarhátíðir

	Enska -Hickory, Dickory, Dock -Efni frá kennara Námsmat • Námsmat kennara • Símat • Kaflaverkfeni þar sem við á	Enska - þekkir algeng dýr Jákvæður agi -Lausnahjólið - farið dýpra
Apríl	<i>Þema: Matur og menning</i> Námsefni: Íslenska -Lesrún- Ávaxtasalat afa (bls. 24-25) - Skrift - Efni frá kennara Stærðfræði Sproti 4b -Kafli 9- mælingar og tugabrot -Kafli 10 – almenn brot Halló heimur 3 - Í blóma lífsins	Íslenska - Dregur rétt til stafs - Skrifar mismunandi gerðir texta - Nýtir sér hugtökin upphaf, miðja og endir við ritun Stærðfræði - Getur breytt úr einni mælieiningu í aðra; grömm, kíló, metri, sentimetri, millimetri, desílítri, lítri. - Getur haldið áfram með einföld talnamynstur og talnarunur - þekkir tíundu hluta og getur raðað slíkum brotum í stærðarröð. - Skilur almenn brot sem hluta af heild. - Þekkir hugtökin teljara og nefnara. - Þekkir hugtökin teljara og nefnara. - Getur fundið óþekktan þátt í samlagningu. - Getur fundið óþekktan átt í frádrætti.

	Enska -Hickory, Dickory, Dock -Efni frá kennara Námsmat • Námsmat kennara • Símat • Kaflaverkfeni þar sem við á • 20 orðin • Orðarún	Náttúru- og samfélagsgreinar -Skoða hvernig matjurtaræktun fer fram - Kynnast hringrásum í náttúrunni - Fræðast um plöntur og vistkerfi Enska -Þekkir algengar matvörur Jákvæður agi -Áhersla á samvinnuleiki og lausnaleit
Maí – júní	Þema: Í blóma lífsins Námsefni: Íslenska Lesrún 2- Moldvörpur, bls 18-21. - Skrift - Efni frá kennara Stærðfræði Sproti 4b- kafli 11- reikningur Halló heimur 3 - Öruggr í umhverfinu	Íslenska - Ýmis atriði sem þarf að fara betur í Stærðfræði - Getur túlkað upplýsingar sem gefnar eru upp í töflu og sýnt þær á súluriti - Getur lesið úr súluriti og túlkað niðurstöður Náttúru- og samfélagsgreinar - Skoða hættur á leiksvæðum -Kynnast öryggisbúnaði á bryggjum -Læra að umgangast flugelda

	Enska -Hickory, Dickory, Dock -Efni frá kennara Námsmat: - Námsmat kennara - Símat - Kaflaverkfæni þar sem við á - Lesfimi	Enska - Þekkir algeng veðurorð Jákvæður agi Nýtum bekkjarsáttmála, lausnahjól og önnur verkfæri jákvæðs aga. Dýpra farið í samskiptahæfni.
Allt skólaárið	Skimanir: Lesfimi: sept, jan og maí 20 orðin: okt, apríl Orðarún: okt, apríl	
Allt skólaárið	Námsefni: Efni sem unnið er með eru námsbækur, ýmsar bækur á bókasafni tengdar hverju þema, leikir, áhorf, hlustun, söngur og fleiri fjölbreytt verkefni.	

Unnið er að þróun og endurskoðun hæfniviðmiða í samræmi við nýja stefnu í námsmati og aðalnámskrá grunnskóla.

Við gerð námskrárinnar er haft í huga að mörg hæfniviðmið tvinnast saman milli námsgreina og birtast í fjölbreyttu námi nemenda. Því er lögð áhersla á heildstæða nálgun í mati á námi og hæfni, þar sem kennarar meta frammistöðu og framfarir nemenda jafnt og þétt í gegnum önnina í samræmi við markmið skólastarfsins